



CQ

TF

2 tölublað 1996

Nýlega lauk námskeiði ÍRA til A/T prófs. í prófið fóru 10 og 7 náðu. Við óskum þeim til hamingju. Tveir fóru í morsepróf og náðu báðir. Bjarni Sverrisson TF3GB hefur verið að kenna morsíð en Haukur Konráðsson TF3HKT Kristinn Andersen TF3KX Lárus F. Guðmundsson TF3LFT og Þór Þórisson TF3GW sáu um raffræði og reglugerðarkennslu. Við þökkum þeim fyrir þeirra hlut. Vonandi verður hægt að halda annað námskeið á næsta ári. Það er hinsvegar mín skoðun að þessi "hrað" námskeið henti ekki lengur og því ætti að stefna á t.d 12 vikna námskeið en þá vaknar sú spurning hvort kennarar fáið til þess í þann tíma sem til þarf. Ennfremur þarf námsefnið að vera í fullu samræmi við þær prófkröfur sem eru gerðar til amatörprófa.. í reglugerð um amatörpróf er þetta skilgreint mjög nákvæmlega. Þannig að ekki ætti neinn að vera í vafa um hvað þarf.

Í haust var ráðstefna um málefni radióamatöra haldin í Ísarel en því miður áttum við engan fulltrúa þar en stjórn ÍRA hefur beðið Kristján Benediktsson TF3KB um að setja sig inn í þessi mál og ennfremur að fylgjast með þeirri umræðu sem á sér stað út um víðan völl um tíðnimál okkar. Heyrst hefur um kröfur í tíðnisvið á VHF og einnig á Ghz en við verðum að standa vörð um þær tíðnir sem við höfum til þess að þær glatist ekki.

Nokkrar tilfærslur hafa orðið með Þróttheima td hefur Þróttur selt Reykjavíkurborg sinn hluta í húsinu ásamt lóð en nokkuð ljóst er að byggt verður á hluta lóðarinnar og húsið tekið til afnota sem ek. þjónustuhúsnæði fyrir Reykjavíkurborg og er þá kjörið tækifæri fyrir okkur að fylgjast með og semja um framtíðina í húsinu.

TF3HP

## Upprisa Reglugerðar um raforkuvirki

Ef Reglugerð um raforkuvirki mætti mæla, gæti hún sagt eins og Mark Twain og Trausti: “Fréttir af andláti mínu og jarðarför eru dulítið ýktar”. Undanfarið hafa heyrst háværar kvartanir yfir “úreltu efni” til A/T-prófs. Það sé úr reglugerð sem “er löngu fallin úr gildi”. Sumir þeir sem þetta upplýstu hafa nýlegt nám í rafiðnum að baki svo þetta hlaut að vera satt. Það hefur sett alla sem málið varðar í nokkurn vanda, stjórn og prófnefnd Í.R.A.; kennara og nemendur á námskeiðum félagsins svo og fjarskiptaeftirlitið.

Undirritaður treysti sér ekki til að mótmæla þessu fullum fetum, ekki síst. í ljósi þess að fyrir nokkrum árum hættu viðbætur og breytingar á Reglugerð um raforkuvirki að berast þrátt fyrir lífstíðaráskrift, og um svipað leyti hófust blaðaskrif sem bentu til þess að rafmagnseftirlit allt væri komið á vonarvöl. Samt virtist harla ótrúlegt að engar reglur giltu núorðið um ráðstafanir til að verjast raflosti eða bruna, en segja má að það sé inntakið. í skilgreindu lesefni.’ • til A/T-prófs. Því var ég nýlega svo ósvífinn að halda því fram að um holla lesningu væri að ræða sem vel mætti duga fram að næstu endurskoðun, á námsefni, hvað sem reglugerðinni sjálfri liði!

Þetta var kannski dálítið digurbarkalegt, svo kaldan október morgun leitaði ég með hálfum huga að “Rafmagnseftirliti ríkisins” í símáskránni. Svei mér þá, það var ennþá skráð og hafði meira að segja húsnæði! Í Síðumúla 13; Skildi Bergur sitja þar einn á stafla af rykföllnum. reglugerðum? Ég fór á stúfana.

Er skemmst frá því að segja að “Reglugerð um. raforkuvirki” er enn í fullu. gildi og stendur ekkert annað til!

Pverun, núllun, hlífðarjörð, togfesta, varnarsmáspenna, málstraumur, bræðivör, einangrunarspennar og allt þetta sem okkur er svo hjartfólgið er þarna einn! Ef eitthvað er, þá hafa bæst við greinar sem kynnu að koma til álita til A/T-prófs. Ég hafði fallið af útsendingarskrá fyrir mistök bg elskulegur starfsmaður tók möppuna mína traustataki, kvaðst myndi hafa hana tilbúna daginn eftir í afgreiðslunni með öllum breytingum og viðbótum! Reyndar fékk ég svo alveg nýtt eintak þegar til kom, því götun blaðanna hafði breyst.

Rafmagnseftirlit ríkisins er engu þýðingarminni stofnun en áður var, en verksviðið hefur breyst. Skoðun var færð til sjálfstæðra stofa, m.a. annars til að skilja hana frá úrskurðarvaldinu. Ábyrgð seljenda efnis og þjónustu var aukin og úrtaksskoðun komin í stað eftirlits með sérhverju verki eða tæki. Löggilding til starfa á þessu sviði heyrir nú beint undir rafmagnseftirlitið en ekki einstakar rafveitur eins og áður var, að vissu leyti hefur stofnunin því fengið meira vald. Hún starfar enn að reglugerðar- og forskriftarmálum.

TF3DX, form. prófnefndar

Loftnet hefur verið sett upp í ÞRÓTTHEIMUM en eins og öllum er kunnugt hefur aðstöðuleysi þjakað okkur og háð allri starfssemi okkar þarna á staðnum. Um helgina 23 og 24/11 var cq ww cw contest og tók IRA þátt í leiknum og notað var kallmerkið TF50IRA og náðust yfir 1000 sambönd og upb 500.000 punktar. Þeir sem sáu um þetta voru :TF3GB, TF3EJ og TF3DC: Notast var við tækjakost félagsins þe FT101 ásamt tuner, magnari var frá '3EJ og tölvubúnaður frá Háskóla Íslands. Menn voru einróma um að "OLGA" væri sérlega gott loftnet og til dæmis sagði '3KM mér að hann hafði verið að fylgjast með á 40 metrum þar sem IRA "skóflaði" inn samböndum en hann heyrði ekki í erlendu stöðvunum. Menn höfðu á orði að sennilega væri þetta besta loftnetið sem hefði komið upp á 160., 80 og 40 metrum. Við hvetjum alla til þess að mæta í Þróttheima og notfæra sér þessa frábæru aðstöðu. Ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að koma upp GP á 6 og tveim metrum. Vonandi verður hægt að setja bímið upp næsta vor.

Ný kallmerki.

TF3JFT Jónas Friðgeirsson

TF3VST Vilhjálmur Í. Sigurjónsson

TF3TNT Benedikt Guðnason

TF3VIT Viðar Einarsson

TF3RBT Róbert Harry Jónsson

TF3FK Friðrik hefur sleppt t inu og heyrir nú á HF böndum.

Við óskum þeim til hamingju.

## Fjarskiptasveit

Víða erlendis tíðkast það að amatörar eru kallaðir til starfa þegar náttúruhamfarir hafa átt sér stað. Td. voru um 100 slíkir kallaðir til þegar flugslysið við austurströnd USA átti sér stað sl haust og hafa ótal blaðagreinar og viðtöl átt sér stað þar sem fram hefur komið hversu nauðsynlegar slíkar sveitir amatöra eru.

Eins og amatörum er kunnugt um voru í gangi nokkrar umræður um fjarskiptamál Almanna- og Radíóskáta og kannaður grundvöllur fyrir samstarfi. Síðar á félagsfundum var stjórnnum félagana gefið leyfi til að ganga til samninga um þessi mál.

Af óviðráðanlegum orsökum var frekari umræðum frestað þar til nú nýverið. Fram hefur komið sú hugmynd að ekki verði stofnaðar tvær sveitir heldur EIN sveit sem fái nafnið Fjarskipta-sveit almanna- og hafi þann eina tilgang að þjóna almanna- og Radíóskáta með fjarskipti á vettvangi. Enn eru lausir endar sem þarf að binda saman en það verður vonandi gert mjög fljótlega.

Brösuglega hefur gengið að kona endurvörpum í nothæft ástand en vonandi verður það komið í lag fyrir jól.

---

ÍRA FÉLAG ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA  
BOX-1058 104 REYKJAVÍK.

Ritsj. og áb.m. Haraldur Þórðarson,  
TF3HP

---

Gleðileg jól, gott og farsælt nýtt ár.  
Stjórn ÍRA

Laugardagur 14.des 1996.

Þeir radióamatörar sem hafa áhuga á samstarfi við  
Almannavarnir ríkisins,vegna fjarskiptamála::::

## FUNDUR

í stofu 158 í VR 2 byggingu Verkfræðideildar Háskólans við  
Hjarðarhaga 2-6.

Um kvöldið höfum við fengið lánað félagsheimili kafara í  
Nauthólsvík. Hittumst þar ásamt betri partinum og skemmtum  
okkur smá stund. Hver kemur með sitt.

Nefndin!!!!!!